

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1482****2019/EES/31/54****frá 4. október 2018****um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar koffín og þeóbrómín (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96/ og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 7. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni sem samþykkt eru til notkunar í og á matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 <sup>(3)</sup> var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) A-hluti skrár Sambandsins inniheldur bæði bragðefni, sem hafa verið metin, þar sem engar neðanmálgreinar eru settar við þau og einnig bragðefni, sem verið er að meta, sem eru auðkennd með neðanmálgreinum 1 til 4.
- 5) Efnin koffín (FL-númer 16.016) og þeóbrómín (FL-númer 16.032) voru skráð með neðanmálgrein 1 en samkvæmt henni varð Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að ljúka mati á þeim.
- 6) Hinn 31. janúar 2017 lauk Matvælaöryggisstofnunin mati á öryggi koffíns (FL-númer 16.016) og þeóbrómíns (FL-númer 16.032) þegar þau eru notuð sem bragðefni <sup>(4)</sup> og komst að þeirri niðurstöðu að notkun þeirra sem bragðefna teldist ekki hafa öryggisvanda í för með sér miðað við áætlað inntekið magn í tilteknum matvælaflokkum. Því er heimilt að viðhalda notkunarskilyrðunum sem þegar er mælt fyrir um í skrá Evrópusambandsins.
- 7) Því ætti að tilgreina koffín (FL-númer 16.016) og þeóbrómín (FL-númer 16.032) sem metin efni í skrá Evrópusambandsins yfir bragðefni, án tilvísunar í neðanmálgreinina sem er í núgildandi færslum um þau í skrá Evrópusambandsins.
- 8) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 251, 5.10.2018, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptöku hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjtið. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

(4) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(4), 4729.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. október 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í stað færslunnar varðandi FL-númer 16.016 í 2. þætti A-hluta komi eftirfarandi:

|         |        |         |  |       |  |       |
|---------|--------|---------|--|-------|--|-------|
| „16.016 | Koffín | 58-08-2 |  | 11741 | Takmarkanir á notkun sem bragðefni:<br>Í 1. flokki – hámark 70 mg/kg<br>Í 3. flokki – hámark 70 mg/kg<br>Í 5. flokki – hámark 100 mg/kg<br>Í 14,1. flokki – hámark 150 mg/kg | EFSA“ |
|---------|--------|---------|--|-------|--|-------|

2. Í stað færslunnar varðandi FL-númer 16.032 í 2. þætti A-hluta komi eftirfarandi:

|         |           |         |  |  |   |       |
|---------|-----------|---------|--|--|---|-------|
| „16.032 | Þeóbrómín | 83-67-0 |  |  | Takmarkanir á notkun sem bragðefni:<br>Í 1. flokki – hámark 70 mg/kg<br>Í 14,1. flokki – hámark 100 mg/kg | EFSA“ |
|---------|-----------|---------|--|--|---|-------|